

Vegna umsagnar frumvarps til laga um sóttvarnalög, 529. mál.

Undirrituð hefur athugasemdir við:

5. gr.

*Landinu skal skipt í sóttvarnaumdæmi sem afmörkuð eru með sama hætti og heilbrigðisumdæmi samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og reglugerðum settum á grundvelli þeirra. **Ráðherra tilnefnir umdæmislækna** sóttvarna úr hópi lækna þeirra heilsugæslustöðva sem ríkið rekur í hverju sóttvarnaumdæmi samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis. Umdæmislæknar sóttvarna skulu vera ábyrgir fyrir sóttvörnum í sínu umdæmi undir faglegri stjórn sóttvarnalæknis. **Tilnefna má fleiri en einn lækni í hverju sóttvarnaumdæmi sem umdæmislækni sóttvarna.***

Athugasemdir:

- 1) Ég stóð í þeirri trú að Sóttvarnalæknir myndi tilnefna umdæmislæknana, en ekki ráðherra. Það má vera misskilningur hjá mér eða verið þannig samkvæmt eldri lögum.
- 2) Undir hverjum umdæmislækni sóttvarna erum við með **svæðislækna** sóttvarna, sem skipta með sér svæðum umdæmisins ef það er mjög stórt. Td. er einn umdæmislæknir og 4 svæðislæknar sóttvarna í umdæmi HSU á Suðurlandi. Ég legg til að núverandi skipulag komi fram í nýjum lögum, að það sé einn umdæmislæknir í hverju umdæmi en hann geti skipað undir sig svæðislækna sóttvarna í þeim umdæmum sem eru mjög stór.

Kveðja
Elín Freyja Hauksdóttir
Yfirlæknir
HSU Hornafirði
Umdæmislæknir sóttvarna á Suðurlandi
Sími: 432 2900



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS